

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2022

2022/EES/61/65

frá 29. apríl 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun
og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1772 frá 28. júní 2021 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 varðandi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Bretlandi ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 382, 28.10.2021, bls. 55.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/679 ⁽²⁾, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2018 ⁽³⁾. Í samræmi við aðlögunarákvæði e við reglugerð (ESB) 2016/679 í lið 5e við XI. viðauka við EES-samninginn, hafa Ísland, Liechtenstein og Noregur beitt þeim ráðstöfunum sem eru í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1772, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 382, 28.10.2021, bls. 55, á sama tíma og aðildarríki ESB.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5es (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/743) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5et. **32021 D 1772**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1772 frá 28. júní 2021 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 varðandi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Bretlandi (Stjtið. ESB L 360, 11.10.2021, bls. 1.), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 382, 28.10.2021, bls. 55).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1772, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 382, 28.10.2021, bls. 55, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 360, 11.10.2021, bls. 1

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.